

## 77. Aðalfundur Leikfélags Selfoss haldinn í leikhúsinu við Sigtún 21. maí 2025 kl. 20:00

Jónheiður Ísleifsdóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur sem fundarstjóra og Hrafnhildi Karlsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

1. Hrafnhildur Karlsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar, fundargerðin var samþykkt samhjóða.
2. Jónheiður flutti skýrslu stjórnar 2024-2025.

Nýkjörin stjórn Leikfélags Selfoss tók til starfa á sínum fyrsta fundi þann 27. maí 2024. Jónheiður Ísleifsdóttir var kosin formaður á ný á aðalfundi 15. maí 2024 og skipti stjórn með sér verkum með eftirfarandi hætti: Sigríður Hafsteinsdóttir varaformaður, Sigrún Sighvatsdóttir gjaldkeri, Guðfinna Gunnarsdóttir ritari og Birgitta Brynjarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu F. Elli Hafliðason, Sindri Magnús Jónsson og Ingberg Örn Magnússon. Á leikárinu var haldinn 21 stjórnarfundur og nokkrir samlestrar í heimahúsum stjórnarmeðlima.

### Framkvæmdir við leikhúsið

Eins og í fyrra hefur þetta leikár litast af áframhaldandi framkvæmdum við nýja anddyrið. Skemmst er frá því að segja að nú er búið að setja handrið á hjólastólaramp og tröppur. Anddyrið er orðið fokhelt. Búið er að stækka opið inn í holið og klæða allt að utan. Gera bílastæði fyrir hreyfihamlaða og í raun er ill sjáanlegt að nokkrar framkvæmdir hafi verið við húsið því útlitið rímar fullkomlega við gamla húsið. Á haustmánuðum fengum við einnig nýtt parket í kjallara undir sviðinu og við settum upp hillur þar til að taka við dóti sem var enn þá uppi á sviði eftir tiltekt. Það eru enn einhverjar framkvæmdir eftir við að ganga frá í kjallaranum en hann er þó vel nothæfur. Núna á vormánuðum hafa svo bæst við framkvæmdir á þaki hússins. Hluti af þakinu var með asbestplötum og ákveðið var að fjarlægja þær og setja nýtt járn í þeirra stað vegna leka á þakinu. Einnig var gerð rafmagnsúttekt á húsinu af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í haust og hefur staðið yfir vinna síðustu vikur við að lagfæra það sem bent var á í þeirri úttekt. Bæði framkvæmdir við raflagnir og þak eru á vegum sveitarfélagsins Árborgar og þökkum við þeim kærlega fyrir að bregðast við þessum athugasemdum fljótt og vel. En þó framkvæmdir hafi haldið áfram gátum við með nýrri hurð við aðalinnangang, sem kom rétt fyrir aðalfund í fyrra, loks haldið úti eðlilegu starfi hjá Leikfélaginu á liðnu ári og fögnum við því mjög.

### Starfsemi Leikfélagsins

Sumarið hófst á því að haldin voru átta leikhúsnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára í Litla leikhúsinu við Sigtún. Alls voru þátttakendur 103 og leiðbeinendur voru þær Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir og Kristbjörg Sigtryggisdóttir. Við erum svo sannarlega heppin að það næst að manna þessi námskeið með frábærum leiðbeinendum ár eftir ár.

Í júní sóttu þrjú leikfélagar Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra leikfélaga, einn á leikritun og tveir á sérnámskeiði í leiklist. Og að sjálfsgöðu mættu skólástýrin okkar hress til leiks á sínu öðru ári. Allir létu vel af dvöl sinni í skólanum.

Strax eftir aðalfund var farið að undirbúa starf vetrarins. Stjórn kom að máli við formann um hvort hún vildi leikstýra haustsýningu og tók hún vel í það. Stjórn las svo saman nokkur verk um haustið og valdi tvö sem komu til greina. Miðvikudaginn 11. september var haldinn haustfundur til að kynna

starf vetrarins og strax í framhaldi af honum var haldin leiksmiðja og samlestur á verkunum tveimur sem til greina komu. Jónheiður stýrði leiksmiðjunni og lestrunum og var góð þátttaka og slatti af nýjum andlitum, sem við fögnum. Þegar leiksmiðju lauk tók Jónheiður ákvörðun um að setja á svið leikritið Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttir. Og þó aðeins séu þrjú hlutverk í sýningunni valdi hún fimm leikara sem skiptu þeim á milli sín. Þá hófst æfingatímabil og var sýningin frumsýnd 25. október eftir snarpt æfingatímabil. Sýndar voru átta sýningar við góðan orðstýr og var þetta í fyrsta skipti sem leikfélagið nýtti sé tix.is til að selja miða. Það var æðislegt að snúa sýningarvélinni í gang aftur og fá áhorfendur í leikhúsið á ný, alls sáu 274 gestir Listina að lifa. Sýningum á Listinni að lifa lauk um miðjan nóvember og vorum við þá búin að semja við ungan leikstjóra að stýra sýningu vetrarins. Rakel Ýr Stefánsdóttir og stjórn lásu saman nokkur verk og eftir vel sóttu leiksmiðju og samlestur í lok nóvember varð verkið Átta konur eftir Robert Thomas, í þýðingu Sævars Sigurgeirssonar fyrir valinu og eftir að búið var að velja átta konur og einn karl í hlutverk voru nokkrar æfingar í byrjun desember. Þann 12. desember héldum við jólakvöld og þar var leikið undir nokkrum jólalögum, lesin saga og gæddu leikhúsgestir sér á smákökum, kaffi og kakó. Mjög kósý stund eins og venja er. Æfingatímabil Átta kvenna hófst svo í byrjun janúar. Við réðum til okkar listræna stjórnendur í tónlistarstjórn og ljósahönnun og fengum einnig aðstoð við hljóðhönnun. Svo fengum við frábært framkvæmdastjórategymi til starfa, sem fylgdi okkur fram að frumsýningu og tóku þær að sér að hanna leikskrá og græja auglýsingar í hana og að sjálfsögðu almennt utanumhald sýningarinnar. Sýningin Átta konur var frumsýnd 14. febrúar eftir hörku vinnu á öllum vígstöðvum. Sýndar voru 17, næstum alltaf fullar, sýningar og voru áhorfendur alls 997. Mikil ánægja var með sýninguna og fengum við umfjallanir í bæði Dagskránni og á fréttavefnum Sunnlenska.is. Við þökkum Rakel Ýr, Kristjönu, Sævari Loga, Badda, Helgu Guðrún, Gyðu og öllum leikfélögum í Leikfélagi Selfoss sem komu að sýningunni kærlega fyrir samstarfið. Sýningum á Átta konum lauk laugardaginn 5. apríl með frábærri lokasýningu og gleðskap. Áður en sýningum á Átta konum lauk hafði borist fyrirspurn frá Leiklist í FSu um hvort þau gætu sett upp sýninguna Iris á vordögum í samstarfi við leikfélagið. Það var að sjálfsögðu auðsótt og var drifið í því að taka niður leikmynd svo þau gætu komið í húsið strax eftir páska. Einnig var mikilvægt að taka niður leikmyndina þar sem við gátum loksins eftir 6 ára hlé boðið fólk velkomið á opið hús á Sumardaginn fyrsta. Fjöldi fólks lagði leið sína í leikhúsið þann 24. apríl á Vor í Árborg og horfði á myndasýningu úr starfi leikfélagsins í gegnum árin, skoðaði húsið og gæddi sér á nýbökudum vöfflum og með því. Okkur þótti extra vænt um að geta endurlífgað þennan viðburð því það eru alltaf einhverjir sem mæta sem hafa aldrei komið í fallega leikhúsið okkar áður. Sjö félagar frá leikfélaginu sóttu aðalfund Bandalags Íslenskra leikfélaga í Vatnsholti í Flóanum helgina 2.-4. maí. Leikfélag Selfoss stóð að þinginu með BÍL og var almenn ánægja með aðstöðu og veislustjórn Sigríðar á þinginu auk þess sem Guðfinna og Stefán Ólafsson settu upp stuttan leikþátt í lokahófinu á laugardagskvöldinu. Við vorum svo með opið hús í leikhúsinu á sunnudeginum og fengum nokkra fundargesti á heimleið í heimsókn. Þann 19. maí var sýningin Iris svo frumsýnd í Litla leikhúsinu við góðan orðstýr um 45 áhorfenda. Okkur þykir gríðarlega mikilvægt að taka þátt í svona verkefnum með skólunum í Árborg og veita nemendum tækifæri til að vinna í alvöru leikhúsi með sviði, ljósum og hljóðmynd og öllu því sem því fylgir. Í ár eru skipulögð sjö leikhúsnámskeið í júní, júlí og ágúst og fer skráning vel af stað. Leiðbeinendur verða þær Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Kristbjörg Sigtryggisdóttir og Iða Ósk Gunnarsdóttir.

### **Önnur starfsemi í húsinu**

Líkt og svo oft áður hefur stjórn borist óskir um að fá afnot af húsinu undir allskonar viðburði og heimsóknir og höfum við nú aftur getað orðið við þeim flestum. Í september komu nemendur í leiklist

í FSu að heimsækja leikhúsið. Steinunn Sigurðardóttir sendi okkur erindi varðandi leiklestur á nýútkominni bók sinni "Skálds saga" og var hann haldinn í leikhúsinu 12. október með þátttöku nokkurra leikfélaga. Ungir kvikmyndagerðarmenn úr FSu hafa fengið afnot af húsinu nokkrum sinnum til upptöku á stuttmynd og stefna þeir á að koma aftur á næstu vikum. Bókabæirnir austanfjalls fengu afnot af leikhúsinu fyrir ljóðalestur með Arnari Jónssyni þann 18. maí og tókst hann vel þó veðrið væri full gott fyrir svona innanhússviðburð. Fjárfest var í nýjum prentara, spjaldtölvu og nýrri tölvu fyrir ljósa og hljóðvinnslu á árinu og eru áætlanir um að kaupa nýjan hljóðmixer.

Í ár kvóddum við tvo kæra leikfélaga. Þau Iðunni Óskarsdóttur og Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson. Iðunn saumaði og hannaði búninga fyrir fjölda sýninga og Sigurgeir Hilmar starfaði með félaginu sem leikari, leikskáld, leikstjóri og stjórnarmaður um 30 ára skeið. Við minnumst þeirra með hlýju, þakklæti og söknuði. Hér stendur mjög þakklátur formaður eftir viðburðaríkt ár í Litla Leikhúsinu við Sigtún og við hlökkum til áframhaldandi orku og gleði á næsta leikári.

Takk fyrir okkur og ykkur. Leikum núna!

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

3. Guðfinna Gunnarsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins 2024-2024 í fjarveru Sigrúnar Sighvatsdóttur. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Inntaka nýrra félaga, eftirtaldir gengu í félagið:
  1. Ársæll Hjálmarsson, Grenigrund 36 800 Selfoss
  2. Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, Móhellu 9 800 Selfoss.Þau voru klöppuð inn í félagið.
5. Lagabreytingar: Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
6. Stjórnarkjör: Jónheiður Ísleifsdóttir formaður gaf kost á sér til áframhaldandi starfa, ekki bárust feiri framboð til formanns og var því vel fagnað að Jónheiður sinni áfram starfi formanns. Guðfinna Gunnarsdóttir og Birgitta Brynjarsdóttir hafa setið í tvö ár í stjórn og eiga því að ganga úr stjórn. Guðfinna bauð sig fram til áframhaldandi starfa. Áfram sitja Sigrún Sighvatsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir. Ársæll Hjálmarsson, Guðfinna Gunnarsdóttir og Kristín Þóra Albertsdóttir buðu sig fram í aðalstjórn. Þau stigu í pontu og kynntu sig áður en kjör fór fram. Guðfinna og Ársæll hlutu kosningu. Nýja stjórn skipa því Jónheiður formaður, Guðfinna, Sigrún, Sigríður og Ársæll. Varastjórn er kosin til eins árs. Kallað var eftir framboðum í varastjórn, F.Elli Hafliðason, Sindri Magnús Jónsson, Hafsteinn Óskar Kjartansson og Kristín Þóra Albertsdóttir gáfu kost á sér. Kosningu hlutu Elli, Magnús og Sindri.
7. Kosning félagslegra skoðunarmanna reikninga. Eygló Lilja Gräns og Íris Árný Magnúsdóttir gáfu kost á sér sem félaglegir skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt með lófaklappi.
8. Árgjald. Stjórn lagði til að árgjald verði hækkað úr 2.500.- kr í 3.000.- kr. Minnt var á að aðeins er greitt eitt árgjald á heimili. Breytingin var samþykkt verður árgjald því kr. 3.000.-
9. Önnur mál.

- F. Elli Hafliðason þakkaði fyrir það traust að fá kjör í varastjórn. Hann gerði grein fyrir framkvæmdum við leikhúsið. Það hefur ansi mikið verið gert frá í fyrra, m.a. hellulagt fyrir utan, rampur kláraður og handrið er komið, búið að byggja fokelt hús og klæðningin utaná er komin. Í ljós kom að járn á þaki er ónýtt og asbest er þar undir, sveitarfélagið ákvað því að sett yrði nýtt þak með nýju járn. Úti þarf að klára þak og dren. Í haust verður haldið áfram innan dyra, þar verður m.a. gengið frá nýbyggingu að innan og sett upp salernisaðstaða fyrir fatlaða. Niðri verður framkvæmd kláruð, m.a. sett nýtt upphengt salerni og sturta. Útgangur í kjallara verður brunaútgangur og leikarar geta komið þar inn þegar sýningar eru. Elli sagðist vera mjög ánægður með samstarfið með sveitarfélaginu í allri þessari framkvæmd, LS hefur verið mikið með í ákvarðanatöku og framkvæmd og hlustað er á heirra hugmyndir. Í raun hefur verið farið að okkar hugmyndum í flestu sagði Elli. Vonandi verður allt fullbúið á næsta aðalfundi að ári.
- Sigríður Hafsteinsdóttir sagði frá sumarnámskeiðum, þau verða átta í ár. Skráningar ganga mjög vel þegar fullt á eitt námskeið. Sigríður sagði frá því að Iða Ósk, nemandi í grunnskóla á Selfossi kom í heimsókn í leikhúsið með skólanum sínum. Hún var svo uppnumin og spennt fyrir að starfa með leikfélaginu að hún sendi leikfélaginu starfsumsókn þar sem hún óskaði eftir að fá að starfa á sumarnámskeiði í sumar. Hún mun starfa á einu námskeiðanna. Hægt er að sækja á sumarnámskeið m.a. á frístundavef sveitarfélagsins. Námskeiðin hafa verið kennd í amk. 25 ár og alltaf verið vel sótt.
- F. Elli Hafliðason sagði frá leiklistarskóla BÍL, en hann er annar stjórnenda skólans. Hann sagði skólann hafa verið mikil vítamínsprauta fyrir áhugaleikfélögin í gegnum tíðina og hvetur félagsmenn til að taka þátt. BÍL þingið var haldið í vor í Vatnsholti, helstu tíðindi eru þau að starfshópur um aukin fjárframlög til áhugaleikfélaga heldur áfram störfum, enda er mikil þörf á auknu fjármagni. Stefnt er að stóru afmælisþingi á 80 ára afmæli BÍL eftir 5 ár.
- Jónheiður kynnti það sem framundan er í starfi leikfélagsins, það eru sumarnámskeiðin, viðræður eru hafnar við leikstjóra vegna uppsetningar á stóru barnaleikriti sem áætlað er að setja upp eftir áramót. Verið er að skoða hvort komið verði á námskeiðum fyrir ungt fólk og fleiri hópa og í framhaldinu er stefnt að Hugarflugi, þar geta allir prófað að leika, leikstýra, lesa ljóð, syngja, vinna með ljós eða hvað sem fólk vill spreyta sig á.
- Guðfinna Gunnarsdóttir kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir það traust að vera kosin til áframhaldandi starfa í stjórn. Þakkar leikfélaginu fyrri gott samstarf með FSU þar sem Guðfinna kennir m.a. leiklist. Hún segir það dýrmætt að geta komið í leikhúsið í heimsókn þar sem nemendur skoða húsið, aðstöðuna og prófa að standa á alvöru sviði með ljósum. Eftir æfingatímabil í FSU var sýningin sett upp og sýnd í leikhúsinu. Guðfinna sagði þetta hafa heppnast afar vel og þakkaði Ella og Jónheiði sem hjálpuðu til með ljós og hljóð. Þetta var mikil reynsla fyrir nemendur. Að lokum mælti Guðfinna með því að söguþrógram sem haldið var í Grænumörk í fyrra verði endurvakið.
- Kjartan Björnsson sagði frá því að honum hafi ávallt þótt vænt um leikfélagið og hafi lifað með félaginu í gengum Gylfa frænda sinn. Hann sagðist ekki hyggja á leikferil en sjái sig kannski í hlutverki hvíslara eftir að setu í bæjarstjórn lýkur. Hann fagnar framkvæmdum við leikhúsið og þykir hún vel heppnuð. Kjartan er ánægður með sýninguna „átta konur“ í vetur það var góð sýning þar sem hann skemmti sér mjög vel og gott að sjá í ársreikningi að

sýningin hafi gengið vel. Hann sagði að félagið mætti leita til hans ef koma þarf viðburðum á framfæri og vekja þarf athygli á málum m.a. á samfélagsmiðlum. Hann hlakkar til að fara með barnabörnin á barnasýningu hjá Leikfélagi Selfoss og var ánægður með stjórnun og formfestu á fundinum.

- Kristín Þóra tók til máls, hún lýsti ánægu sinni með að barnasýning verði keyrð af stað, það þarf að lyfta upp í krökkunum sagði hún. Hún sagði vera gott fyrir krakka að taka þátt í starfi félagsins. Kristín Þóra sagðist tilbúin til að leika í barnasýningu, hún er stolt af leikfélaginu og óskar öllum gleðilegs sumars.
- Birgitta Brynjarsdóttir tók til máls, hún sagðist ganga úr stjórn eftir 6 ára setu, en hún hyggst flytja á Akureyri. Hún þakkaði fyrir gott samstarf, sagði þetta hafa verið ótrúlega góðan tíma, það er gaman að leika og gaman að vera í stjórn sagði Birgitta. Hún sagðist ekki vita hvernig það yrði að vera stjórnlaus í sumar. Hún þakkaði LS fyrir allt, þið eruð best.
- Elli spurði að góðum sið „Hvar eru Eyjólfur og Guðmundur Karl?“
- Jónheiður Ísleifsdóttir formaður þakkaði traustið og sagði það vera forréttindi að fá að starfa sem formaður þessa góða félags. Hún þakkaði Birgittu og Ingberg fyrir setu í sjórn og góð störf og þakkaði öllum stjórnarmönnum fyrir samstarfið. Hún sagði að margir í stjórn hefðu einnig verið að leika í sýningu vetrarins, það sé ákveðin áskorun en allt hafi gengið mjög vel. Það var stórkostlegt að átta konur stigu á svið og strákarnir sáu um allt annað sem gera þurfti s.s. um miðasöðu, sjoppu, stuðning og framkvæmd sýningarinnar. Það sýnir að hér eru allir tilbúnir til að hjálpast að og taka þátt í þeim störfum sem þarf að sinna. Allar átta konurnar eru þakklátar fyrir allt sem strákarnir gerðu fyrir þær sagði Jónheiður. Að því búnu þakkaði Jónheiður góðan fund.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

Sigríður fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu og fundarmenn sungu „Geng ég bæjargöngin inn“.

Fundarmenn voru 16

Fundi slitið kl. 21:21

Hrafnhildur Karlsdóttir